

það er í þessu tilliti þýðingarlaust, hver sjúkdómur hefur að henni gengið —, og 51 með því að jeg eptir kringumstæðunum ekki finn ástæðu til, að færa reikning- 25. marz inn yfir sjúkdómslegukostnaðinn niður, þá staðfestist hjer með hinn áfrýjandi amtsúrskurður í öllum greinum, og ber að sjá um, að hreppsnefndin í Holtshreppi greiði hreppsnefndinni í Húsavíkurhreppi hinar umræddu 88 kr. 49 aura.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu um 52 hlunnindi handa sparisjóði. — (ágrip). Með brjefi þessu eru sparisjóði Svarfdælinga 26. marz endurveitt hlunnindi þau, sem um ræðir í tilsk. 5. jan. 1874 (sbr. landsh.brjef 26. febr. 1890) um 5 ára tímabil frá 31. jan. 1895 að telja, með venjulegum skilyrðum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suduramtinu og Vesturamtinu um breyting á 53 manntalsþinghám. — Út af beiðni þeirri, er ræðir um í þóknanlegu brjefi yðar, 10. apríl herra amtmaður, dags. 26. f. m., frá hreppsnefndunum í Rosmhvalanes- og Miðneshreppum, um að hinn sameiginlegi þingstaður hreppanna á Skaga verði lagður niður, og hinn fyrnefndi hreppur hafi framvegis þingstað á Gerðum í Garði, en hinn síðarnefndi á Busthúsum, læt eg ekki hjá líða að tilkynna yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að hið umbeðna leyfi veitist með því skilyrði, að hreppsnefndirnar skuldbindi sig til að sjá um, að jafnan sjeu til sæmlegr húsnæði til þinghaldanna á hinum nýju þingstöðum.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um lausamennskuleyfi. — Í þóknanlegu brjefi dags. 1. þ. m., hafið þjer, herra sýslu- 18. apríl maður, skýrt frá því, að vinnumaður einn á Akranesi hafi beiðið yður um lausamennskuleyfisbrjef, en ætli sjer ekki að nota leyfið í lögsagnarumdæmi yðar, heldur sje ásetningur hans að setjast að sem lausamaður í Reykjavík á næstkomandi vinnuhjúaskildaga. Með því að leyfisbrjefið á að vera tekið fyrir 1. maí samkvæmt lögum 2. febr. f. á. og gjaldið fyrir það á að renna í styrktarsjóð á Akranesi, teljið þjer næst liggja, að þjer gefið út brjefið. En hins vegar virðist yður álitamál, hvort hlutadeigandi verði ekki samkvæmt 7. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn 26. maí 1863 að leysa nýtt brjef í Reykjavík, og yrði þá niðurstaðan sú, að leyfisbrjef það, er þjer hefðuð útgefið, og sem leysti manninn frá vistarskyldunni frá næstkomandi vinnuhjúaskildaga, hefði aldrei neitt gildi, enda þyrfti maðurinn þá að greiða 2 krónum meira fyrir að geta byrjað að lausamennsku er lögin gjöra ráð fyrir. Út af þessu hafið þjer beiðst úrlausnar á þeirri spurningu, hvort maður, sem fengið hefir lausamennskuleyfisbrjef og flytur sig á næsta vinnuhjúaskildaga út úr lögsagnarumdæminu, er hann hefur fengið leyfisbrjefið í, sje skyldur til þess að taka nýtt leyfisbrjef í því umdæmi, sem hann flytur sig inn í.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það er álit mitt, að ákvæði 7. greinar í tilsk. 26. maí 1863: »Nú flytur nokkur, er fengið hefur leyfisbrjef, sig í annað lögsagnarumdæmi, og